



MENNTA STEFNA 2022-2026

AKRANESKAUPSTAÐUR



 NÆRUM
HUGANN
HUGSUM
STÓRT



Menntun kemur öllum við. Á tímabilum hefur menntun og skólasamfélagið bein áhrif á okkur, t.d. sem nemendur og foreldrar eða aðstandendur en í dag býðst fólki á öllum aldri fjölbreytt tækifæri til þess að efla þekkingu sína. Frístundastarf, formlegt og óformlegt er órjúfanlegur hluti af lærdómssamfélagi. Frítíminn og félagsstarf er mikilvægur vettvangur fyrir óformlegt nám sem reynir á aðra færniþætti sem eru ekki síður mikilvægir í lífinu. Þátttaka í starfi sem vekur áhuga, ánægju og vellíðan hefur bein áhrif á lífsgæði, heilsu og hamingju fólks.

Skólasamfélagið á Akranesi er framúrskarandi og mikið aðdráttarafl fyrir bæinn okkar. Hér ríkir einhuga metnaður til að viðhalda kraftmiklu og öfluglu skólastarfi sem er ávallt í fremstu röð.

Á kjörtímabilinu, 2018 - 2022, var einróma ákvörðun bæjarstjórnar að ráðast í endurnýjun menntastefnu Akraneskaupstaðar en fyrri stefna var við lýði frá árunum 2013 - 2017.

Mikilvægt er að menntastefna sé endurskoðuð reglulega svo hún sé í takt við þróun, kröfur og aðstæður í samfélaginu á hverjum tíma. Þegar ákveðið var að hefja vinnu við nýja menntastefnu grunaði engan að framundan væru aðstæður sem myndu ekki bara umbylta öllu skólastarfi heldur samfélögum um allan heim á einhvern hátt. Þegar heimsfaraldurinn Covid-19 skall á var bæði jákvætt og neikvætt að við værum lögð af stað í þessa vegferð. Óhjákvæmilega tók mótun menntastefnunnar lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi þar sem aðkoma hagaðila skólasamfélagsins var miklum takmörkunum háð.

Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi þurfti á stuttum tíma að gjörbylta sínum nálgunum, kennsluáferðum og aðstæðum til að halda úti starfsemi og sýndu börnin okkar og ungmennin einstaka aðlögunarhæfni í þessum flóknu aðstæðum. Töfin á vinnslu menntastefnunnar var því ekki alslæm þar sem reynsla samfélagsins alls af þessum krefjandi tíma nýttist vel inn í mótun stefnunnar. Þær áskoranir sem skólasamfélagið á Akranesi stóð frammi fyrir lauk ekki þegar öllum hömlum vegna Covid-19 var aflétt.

Loftgæðavandi í flestum skólabyggingum bæjarins kom upp svo enn býr skólasamfélagið við íþyngjandi aðstæður. Mig langar að nota tækifærið til að þakka öllu því fólki sem hefur starfað á þessum vettvangi kærlega fyrir allt. Mig langar líka að þakka öllum börnum, ungmönnum og aðstandendum þeirra fyrir einstakt viðhorf og samstarf við úrlausn þessa flókna viðfangsefnis. Án samtakamáttisins sem býr í þessu bæjarfélagi hefði þetta allt orðið miklu erfiðara. Samfélagið sem við búum í, lærdómssamfélagið Akranes, er engu líkt og hefur það bersýnilega komið í ljós þegar á reynir.

Menntastefnan sem nú er kynnt snýr í meginþáttum að því markmiði að í öllu skóla- og frístundastarfi á Akranesi sé stuðlað sjálfsefningu þar sem ýtt er undir þrautseigju og ábyrgð í námi, leik og félagslegum samskiptum og námstækifæri nýtt til að virkja styrkleika með fjölbreyttum leiðum.

Fyrir hönd skóla- og frístundaráðs vil ég þakka öllum þeim sem komu að mótun stefnunnar fyrir þeirra framlag og Akurnesingum öllum óska ég til hamingju með nýja og metnaðarfulla Menntastefnu Akraneskaupstaðar.

*Bára Daðadóttir,
bæjarfulltrúi og formaður skóla- og frístundaráðs*

LEIÐARLJÓŠ

MEÐ SAMSTÖÐU SAMFÉLAGSINS
BYGGJUM VIÐ UPP UMGJÖRÐ
Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI
ÞAR SEM ÖLLUM LÍÐUR VEL, ERU
VIRK, ÁBYRG OG SKAPANDI.

STEFNUÁHERSLUR

 **BARNIÐ Í
FORGRUNNI**

 **UMGJÖRÐIN**
 **PEKKING OG FÆRNI**
 **LÆRDÓMSSAMFÉLAGIÐ**

LÆRDÓMSSAMFÉLAGIÐ

STEFNA

Á Akranesi einkennist lærdómssamfélagið af sameiginlegri sýn á nám og leik. Forysta er dreifð og styðjandi og leitað er lausna í sveigjanlegu og skapandi námsumhverfi. Fólk með ólíka menntun og reynslu lærir hvert af öðru með virðingu og viðurkenningu á fjölbreytileikanum að leiðarljósi.

1. Vera í fararbroddi um nám og kennslu þar sem virðing og viðurkenning á fjölbreytileikanum eru í öndvegi

- Forysta sem byggir á lausnaleit, valdeflingu, samþættingu námsgreina og skapandi nýtingu á upplýsingatækni
- Starfsfólk með ólíka menntun og reynslu lærir hvert af öðru og vinnur saman í þverfaglegum teymum
- Hvetja til þátttöku í innlendum og erlendum þróunarverkefnum í skóla- og frístundastarfi

2. Tryggja fjölbreytta og sveigjanlega starfsþróun fyrir allt starfsfólk

- Starfsþróun fléttist saman við daglegt starf, með áherslu á ígrundun, teymisvinnu og endurgjöf og varpi ljósi á þróun náms, efli stolt og samhljóm í starfi
- Ráðgjafanefnd styðji við mótun árlegrar áætlunar um starfsþróun, sem og menntunar tækifæri fyrir allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi
- Leita leiða til að tryggja starfsfólki virka ráðgjöf og endurgjöf í starfi og stuðning við þróunarstarf

3. Styðja við samstarf og tengsl milli menntastofnana

- Fjölga þverfaglegum verkefnum sem byggja á sameiginlegum þemum þvert á leikskóla-, grunnskóla-, tónlistarskóla og frístundastarf
- Þróa störf brúarsmiða sem starfa bæði í skóla- og frístundastarfi og miðla þekkingu þvert á stofnanir
- Skoða kosti framtíðarskipulags skólustarfs og fjölbreyttar skólagerðir með áherslu á samþættingu námsgreina, lausnaleit og nýsköpun náms og félagslífs



ÞEKING OG FÆRNI

STEFNA

Í skóla- og frístundastarfi á Akranesi er stuðlað að sjálfsefningu þar sem ýtt er undir ábyrgð og þrautseigju í námi, leik og félagslegum samskiptum. Lausnamiðuð, gagnrýnin og skapandi hugsun er í öndvegi í öllu starfi og námstækifæri nýtt til að virkja styrkleika með fjölbreyttum leiðum.

1. Byggja upp sjálfstæð, ábyrg og félagslega sterk börn og ungmenni sem bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum, nærsamfélaginu og náttúrunni

- Flétta færniþættina þrautseigju og félags- og tilfinningahæfni saman við nám, leik og frístundastarf
- Fjölga tækifærum barna og ungmenna til að tjá sig og miðla til annarra, bæði námi sínu, persónulegri hæfni og skapandi hæfileikum
- Leggja kapp á að efla list- og verkgreinar þannig að sköpun verði samvinnuð öllu skóla- og frístundastarfi

2. Stuðla að meðvitund barna og unglunga um líkamsvirðingu, eigin mörk og annarra

- Alhliða kynfræðsla verði hluti af námi barna í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi með virðingu, samskipti, jákvæða líkamsímynd, fjölbreytileika fólks og forvarnir gegn ofbeldi að leiðarljósi
- Nám í stafrænni borgaravitund verði innleitt í alla bekkir grunnskólans

3. Þróa leiðir til að ýta undir virka þátttöku barna í lýðræðislegu skóla- og frístundastarfi sem og í nærsamfélaginu á Akranesi

- Tryggja að börn og ungmenni eigi aðkomu og hlutdeild í ákvörðunum um nám sitt og félagslíf með leiðum sem eru skapandi, valdeflandi og efla þrautseigju
- Grunnþáttur um læsi í viðum skilningi verði styrktur í öllu námi, með áherslu á ábyrga afstöðu til áskoranna í nútíð og framtíð
- Hvetja börn til sjálfboðaliðastarfa og samfélagslegrar ábyrgðar
- Starfsfólk, börn og unglingar taki virkan þátt í mótun nærsamfélagsins, ábyrgðar á náttúrunni og sjálfbærum lífsstíl



UMGJÖRÐIN

STEFNA

Framúrskarandi náms- og starfsumhverfi tekur mið af fjölbreyttum tækifærum til náms, teymisvinnu og virðingu fyrir fjölbreytileikanum

1. Framúrskarandi náms- og starfsumhverfi tekur mið af fjölbreyttum tækifærum til náms, teymisvinnu og virðingu fyrir fjölbreytileikanum

- Húsnæði og starfsumhverfi er öruggt og býður upp á sveigjanleika til náms, leiks, félagslífs, hvíldar og vellíðunar
- Stórbrotið nærumhverfi og náttúra Akraneskaupstaðar er nýtt til reynslunáms, menntunar til sjálfbærni og jákvæðrar upplifunar af útivist og hreyfingu
- Tæki, gögn og tækni styðja við skapandi nám sem byggir á lausnaleit og nýsköpun

2. Upplýsingatækni er nýtt til stuðnings við nám og kennslu, stafræna borgara vitund og starfsþróun í skóla- og frístundastarfi

- Regluleg þarfagreining varðar veginn til nýjunga og endurnýjunar á tækja- og tölvubúnaði
- Upplýsingatæknistefna verði mótuð fyrir menntastofnanir
- Starfsþróun alls starfsfólks haldist í hendur við þróun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi


3. Þverfaglegt samstarf með hlutdeild foreldra og íbúa eru leiðarljós í þróun skóla- og frístundastarfs

- Samstarf foreldra og menntastofnana byggir á trausti og sameiginlegri sýn á nám, leik og frístundir
- Menntastofnanir og atvinnulíf á Akranesi eiga í virku samtali um tengsl og samstarf
- Menntastofnanir og félags- og æskulýðsstarf eiga öflugan samráðsvettvang



NAERUM
HUGANN
HUGSUM
STÓRT





MENNTA STEFNA 2022-2026

AKRANESKAUPSTAÐUR

